

MYRKUR '89



MUSÍK DAGAR

LISTASAFN SIGURJÓNS ÓLAFSSONAR

SUNNUDAGINN 12. FEBRÚAR KL. 20.30

Ný fiðlutónlist – Hlíf Sigurjónsdóttir, fiðla
Örn Magnússon, píanó

Jónas Tómasson

Vetrartré
góð tré
hrygg tré
óð tré
þögul...

Caroline Ansink

Surviving Spirit*

Carl Nielsen

Preludio e presto op. 52*

HLÉ

Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson

Various Pleasing Studies

Louis Andriessen

Disco

*Frumflutningur á Íslandi

Jónas Tómasson (1946) samdi Vetrartré handa Hlíf Sigurjónsdóttur 1982–83 að vetrarlagi. – Vetrarlag fyrir tré. Fiðlan er jú ekki aðeins strengir og hár í boga, hljómur hennar er tréhljómur samanber „holað innan tré“. Í þáttunum fjórum er fiðlan eða tréð skoðað frá ýmsum sjónarhornum, með ýmsum geðsveiflum höfundar og flytjanda. Fyrsti og þriðji þáttur eru settir úr stuttum stefjabrotum, annar þáttur er tvíraddaður harmsöngur og sá fjórði er einn langur óslitinn bogi – fiðlubogi.

Hollenska tónskálðið Caroline Ansink (1959) lærði tónsmíðar hjá Joep Straesser við Tónlistarháskólann í Utrecht og lauk þaðan prófi vorið 1988. Hún hefur smátt og smátt getið sér gott orð fyrir tónsmíðar sínar og árið 1986 hlaut hún verðlaun í alþjóðlegri keppni kventónskálða. **Surviving Spirit** fyrir einleiksfíðlu var samið 1987.

Carl Nielsen (1865–1931) sýndi á sér tvær hliðar í sköpun sinni, annars vegar hinn ákveðna, harða „sinfóníker“ og hins vegar hinn ljúfa sönglagahöfund sem allur almenningur elskaði og dáði. Í kammertónlist sinni sam einar hann alla sína bestu eiginleika sem tónskáld; kraft, lífsgleði, humor, syngjandi laglínur og ekki síst meistaralegan kontrapunkt.

Preludio e presto, seinna verk Nielsens fyrir einleiksfíðlu, kemur á óvart fyrir óvenjulegar tæknikröfur þar sem möguleikar hljóðfærisins eru nýttir til hins ítrasta. Í verkinu gerir Nielsen sér mat úr óvenjulegum „ef fektum“ og tónklösum sem veldur því að það er jafnan talið meðal hans nútímalegustu verka.

Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson (1958) samdi **Various Pleasing Studies** sumarið 1986 í Amsterdam. Í verkinu er unnið með hvern frumpátt tónlistarinnar sjálfstætt, bæði kerfisbundið og á frjálsan máta. Þannig verða til nokkrar tónsmíðaæfingar sem mynda eina heild þar sem þær lúta allar ákveðnum grundvallarlögumálum sem gengið er út frá við smíði verksins. **Various Pleasing Studies** urðu í öðru sæti í Oskar Back keppninni í Amsterdam um einleiksverk fyrir fiðlu meðal evrópskra tónskálða undir þritugu.

Þess má geta að Hróðmar og Caroline Ansink útskrifuðust saman frá Tónlistarháskólánnum í Utrecht í Hollandi eftir nám hjá Joep Straesser.

Louis Andriessen (1939) er án efa eitt þekktasta tónskáld Hollendinga í dag. Á sjöunda áratugnum tók hann upp svokallaða endurtekningataekni í tónsmíðum sínum, sumpart fyrir áhrif frá Steve Reich en einnig í þeirri viðleitni að ná fram meiri einfaldleika í tónlist sinni. Í stað þess að fylgja helstu einkennum tónlistar „minimalista“, svo sem hægfara hreyfingum á löngu tónferli, kaus Andriessen aðra leið, þar sem kraftur, skýrleiki, óvæntar taktskiptingar og stöðugt nýir tæknilegir útgangspunktar hafa leitt til áhrifamikilla tónsmíða eins og í einu af hans bestu verkum **De Staat**. Hér eru landamæri alvarlegrar tónlistar og dægurtónlistar orðin mjög óljós, en einnig eru áhrif Igors Stravinsky greinileg.

Í **Disco** (1980), sem er samið fyrir fiðlu og pianó, þá reynir tónskálðið að gera sér í hugarlund þönkara sem situr við píanóið og uppgötvar smátt og smátt G-dúr þríhljóminn.